

**Menntamálanefnd Alþingis**  
**Spurningar og svör vegna fundar þann 2. febrúar 2005**

Ég mun reyna svara spurningum sem snúa að Tækniháskólanum en ekki þeim sem snúa beint að skipulagi hins nýja skóla.

**1. Áhyggjur af stöðu tæknifræðinnar og meiri áhersla á verkfræði?**

Það virðist vera almennt meiri virðing borin fyrir verkfræðinni og því lendir tæknifræðin oft undir í umræðunni. Það eru margir í þjóðfélaginu sem líta á verkfræði æðri tæknifræði. Ég hef vissar áhyggjur af stöðu tæknifræðinnar til lengri tíma litið og treysti því að þessi skilningur sé til staðar hjá stjórnendum hins nýja skóla.

**2. Starfsmenn THÍ, hver er tímaramminn?**

Samkvæmt frumvarpinu þá er gert ráð fyrir því að THÍ verði lagður niður 30. júní nk. Í starfsmannalögunum er kveðið á um að tilkynna þurfi starfsmönnum breytingar með þriggja mánaða fyrirvara. Gert er ráð fyrir að öllum starfsmönnum THÍ verði tilkynnt þann 31. mars nk. um niðurlagningu skólans sem jafnframt gildir sem uppsögn. Stjórnarformaður hins nýja skóla hefur tilkynnt starfsmönnum THÍ að allir fái samning við skólann. Því er mikilvægt að þetta ferli haldist í hendur, þ.e. samningar við hinn nýja skóla og uppsögn, og að ekki myndist óvissutími meðal starfsmanna.

**3. Hlutfall milli tæknifræði og verkfræði hér á landi og annars staðar og fjöldi þeirra?**

Það er rétt að hlutfall tæknifræði vs. verkfræði er öfugt hér miðað við Norðurlöndin. Hvert hlutfallið eigi að vera er ekki gott að segja en atvinnulífið kallar eftir fólki með mismunandi bakgrunn og menntun og því er mikilvægt að leggja áherslu á tæknifræði við hinn nýja skóla.

**4. Heilbrigðisnámið flutt til HÍ?**

Flestir starfsmenn heilbrigðisdeildar og fagfélög geislafræðinga og meinatækna hafa lagt áherslu á að núverandi námsframboð THÍ í heilbrigðisgreinum verði komið fyrir innan HÍ. HÍ, menntamálaráðuneytið og THÍ hafa fundað um lausn þessa máls og er nú verið að bíða eftir tillögum frá HÍ. Því er ekki gert ráð fyrir núverandi námsbrautum í heilbrigðisgreinum innan hins nýja skóla.

**5. Greiðslur til frumgreinadeildar?**

Greiðslur vegna menntun nemenda í frumgreinadeild verður á svipuðum nótum og verið hefur, þ.e. ríkisframlag sem ákvarðað er í fjárlögum.

**6. Hvað með nemendur sem eru í skólanum – hver greiðir skólagjöld þeirra?**

Allir nemendur THÍ geta klárað það nám sem þeir voru innritaðir í án þess að greiða gjöld umfram innritunargjöld ríkisháskóla. Því mun hinn nýi skóli ekki fá viðbótargreiðslu, hvorki frá þessum nemendum né frá ríkinu.

7. **Rannsóknastofnanir og tenging við þær?** Rannsóknastofnanir atvinnuveganna eru mikilvægar háskólum. THÍ hefur átt mjög gott og farsælt samstarf við rannsóknarstofnanir og voru fyrirætlanir um enn meira og markvissara samstarf. Samstarf milli háskóla og rannsóknastofnana leiðir til bættrar nýtingar fjármagns, því annars er hætt á að háskólar byggji upp eigið rannsóknarumhverfi. Ég hef lagt mikla áherslu á það að THÍ og síðan hinn nýi skóli nýti sér tækifærin sem felast í samstarfi og nábyli við rannsóknastofnanir. Því er staðsetning skólans algjör forsenda fyrir árangursríku samstarfi.
8. **Leyndu ógnanir sem ég hef nefnt?** Við sameiningu THÍ og HR felast mjög mörg tækifæri en tækifærin geta breyst í ógnanir ef áherslur breytast. Þau atriði sem ég tel að passa þurfi sérstaklega vel upp á eru:
- Tækninámið sem THÍ hefur lagt sérstaka áherslu á.
  - Raungreinaáhersla í tækni- og verkfræði, það þarf að efla þennan þátt frekar.
  - Frumgreinanámið sem er brú iðnmenntaðra í háskólanám.
  - Staðsetning skólans og samstarf við rannsóknastofnanir. Ef skólinn verður byggður upp á svæði sem gefur ekki möguleika fyrir stækkun og aðkomu rannsóknastofnana þá er það viss ógn fyrir þróun skólans til framtíðar.

Stefanía Katrín Karlsdóttir  
Rektor  
Tækniháskóla Íslands